

fyrir einn málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjendur Holger Debel, Jón Laxdal og Loftur Loftsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnda Th. Thorsteinson 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 19. maí 1919.

Nr. 74/1918:

Ólafur J. Hvanndal
gegn
Sigfúsi J. Johnsen fyrir hönd
Boga Brynjólfssonar
vegna N. C. Monberg.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af hálfu stefnda N. C. Monberg gegn áfrýjanda Ólafi J. Hvanndal til greiðslu á leigugjaldi fyrir járnbrautarvagn (Loco-

motiv), er áfrýjandi hafði fengið til afnota hjá stefnda við uppskipun á vörum; var skuldakrafa stefnda 1740 kr., en með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 20. júní f.á., voru honum aðeins dæmdar 1410 kr. með 6 % ársvöxtum frá 14. nóv. 1917 til greiðsludags og var málskostnaður látinn falla niður. Ólafur J. Hvanndal var þó eigi ánægður með þessi úrslit, með því að hann taldi að hann ætti eigi að greiða meira fyrir afnot járnbrautarvagnsins en 971 kr. 50. a., og hefir hann fyrir því áfrýjað bæjarþingsdómnum til yfirréttarins með stefnu útgefinni 21. desbr. f. á., og gert þær réttarkröfur, að hann verði eigi talinn skuda stefnda meira en 971 kr. 50 a. og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Af hálfu stefnda N. C. Monberg hefir hins vegar verið krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi; viðtækari kröfur stefnda, er hann hefir gert, koma ekki til álita, með því að hann hefir eigi áfrýjað málinu af sinni hálfu.

Stefndi sendi áfrýjanda reikning fyrir afnot locomotivsins (járnbrautarvagnsins) 6. júlí 1917 og taldi þá leigugjaldið allt 1740 kr. eins og áður er um getið; áfrýjandi svaraði þessari kröfu með bréfi dags. næsta dag 7. júlí, telur reikninginn of háan, og gerir hann upp af sinni hálfu, eftir að hafa borið sig saman við vagnstjóra stefnda, þannig að skuldin sé 1410 kr.; er uppgerð þessi nákvæm og sundurliðuð ýtarlega; síðan segir áfrýjandi í brjefinu, sem

ritað er á dönsku: «Ovenstaaenda Beløb 1410 kr. staaer Dem til Disposition mod general Kvittering». Hér er þannig afdráttarlaus viðurkenning áfrýjanda fyrir þessari skuldarupphæð og tilboð um að greiða hana, stílað til stefnda, og verða þá vafasamar leiðréttingar á reikningnum, er hann síðar hefir viljað gera, en stefndi hefir mótmælt sem röngum, eigi tekna til greina, og þar sem bæjarþingsdómurinn hefir einmitt dæmt stefnda til handa ofangreinda upphæð 1410 kr., verður að samþykkja það.

Eftir atvikum þykir og mega fallast á málskostnaðarárkvæði dómsins og verður hann samkvæmt þessu staðfestur í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn staðfestist. Áfrýjandi, Ólafur J. Hvanndal, greiði stefnda, Sigfúsi J. Johnsen, fyrir hönd Boga Brynjólfssonar, vegna N. C. Monberg, 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaðför.